



**Þinggerð 101. Sambandsþing UMSB**  
**Haldið 8. mars 2023 í Þinghamri.**

**1. Setning**

Sonja sambandsstjóri UMSB býður fólk velkomið á þingið.  
Sonja gerir það að tillögu sinni að þingforseti verið Flemming Jessen og Kristján Gíslason verið vara þingforseti.

**2. Kosning þingforseta og ritara**

Flemming þakka traustið. Hann gerir það að tillögu sinni Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir og Ása Erlingsdóttir verði ritara þingsins. Samþykkt

**3. Kosning kjörbréfanefndar**

Tillaga um að Gísli Friðjónsson og Þóra Árnadóttir verði yfir kjörbréfanefnd. Samþykkt.

**Afreksmannasjóður UMSB**

Páll Snævar Brynjarsson tekur til máls. Afhendir styrki úr afreksmannasjóði UMSB. Var tekin sú ákvörðun að veita öllum þeim sem sóttu um styrki.

Bjarki Pétursson Golf 175.000

Bjarni Guðmann Jónsson Körfuknattleikur 125.000

Guðbjörg Bjarney Guðmundsdóttir Sund 85.000

Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir Frjálsar íþróttir 125.000

Kristín Eir Hauksdóttir Holaker Hestaíþróttir 85.000

Kristín Þórhallsdóttir Kraftlyftingar 175.000

Victoria Lind Kolbrúnardóttir Körfuknattleikur 85.000

Rósa Marínósdóttir og Íris Grönfeldt sendu kveðjur á fundinn.

#### **4. Skýrsla stjórnar og reikningar**

Sonja fer lauslega yfir störf UMSB árið 2022. Sigríður Dóra lét af störfum framkvæmdastjóra UMSB og afhenti keflið til Bjarneyjar í úní 2022. Þakkar Sonja, Sigríði Dóru og Bjarneyju fyrir vel unnin störf á árinu 2022.

Hápunktur ársins var klárlega Landsmót UMFÍ 50+

Sölvi gjaldkeri fer yfir reikninga UMSB 2022

Sjá ársskýrslu

#### **5. Álit kjörbréfanefndar**

Kjörbréfanefnd fer yfir kjörbréfin og les upp fundarmenn sem eiga rétt á að kjósa á þinginu.

#### **Golfklúbbur Borgarnes 1**

Jóhannes Ásmundsson

#### **Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar 1**

Unnur Jónsdóttir

#### **Hestamannafélagið Borgfirðingur 5**

Þórdís Arnardóttir

Kristján Gíslason

Kristín Kristjánsdóttir

Sigurþór Óskar Ágústsson

Brynja Gná Bergmann Heiðarsdóttir

#### **UMF Skallagrímur 13**

Sigríður Bjarnadóttir

Sölvi Gylfason

Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir

Eva Margrét Jónudóttir

Páll S Brynjarsson

Óðinn Guðmundsson

Elfar Guðmundsson

Oddný Böðvarsdóttir

Álfheiður Sverrisdóttir

Jón T. Jónsson

Lilja Björg Ágústsdóttir

Elvar Atli Guðmundsson

Bjarney Bjarnadóttir

#### **Ungmennasamband Stafholtstungna 2**

Helena Rut Hinriksdóttir

Ólafur Daði Birgisson

#### **Reykdælir 3**

Ingi Þór Magnússon

Helga Jónsdóttir  
Þóra Arnardóttir

**Ungmennafélagið Dagrenning 1**  
Sigurborg Hanna

**Ungmennafélagið Íslendingur 3**  
Kristján Guðmundsson  
Aðalheiður Kristjánsdóttir  
Rósa Marínósdóttir

**Hjólreiðafélag Vesturlands 1**  
Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir

**Ungmenna og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar 1**  
Magnús Már Haraldsson

**Golfklúbburinn Glanni 1**  
Kristbjörg L. Rúnarsdóttir

**Ungmennafélag Björn Hítalakappi 1**  
Gísli Friðjónsson

## 6. Kosning starfsnefnda þingsins

Skipaðir formenn nefnda (kosið um)  
Formaður fjárhagsnefndar: Sigríður Bjarna  
Formaður Allsherjanefndar: Páll Brynjarsson  
Formaður Íþróttanefndar: Álfheiður Sverrisdóttir

## 7. Inntaka nýrra aðildafélaga

Ekkert félag hefur beðið um inntöku

## 8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

- Rósa Marínós: Fyrirspurn vegna rekstur vallar og Páll bendir á það er mismunur á upphæðum milli ára.
- Lilja Björg kemur til pontu og langar að velta upp út frá skýrslu stjórnar um störf framkvæmdastjóra, hvort hann gæti komið inn í störf aðildarfélagana. Fyrir hönd Skallagríms bendir hún á að það sé mikið álag á starfsfólki.
- Sonja svarar henni að þetta hafi sannarlega verið rætt innan UMSB, mikill vilji að auka samstarf og aðstoðar milli UMSB og aðildarfélaga. Hvetur til þess að það verði rætt betur á formannafundi að aðildarfélög komi með hugmyndir að hvernig hægt væri að auka aðstoð og samvinnu milli UMSB og aðildarfélagana.

Mikilvæg umræða um betra samstarf milli UMSB og aðildafélagana.

- Bjarney tekur til máls og þakkar fyrir umræðuna. Hún er boðin og búin að styðja aðildarfélögin í þeim verkefnum sem þau standa fyrir.
- Kristján Gíslason tekur til máls. Honum finnst vont að vita að aðildarfélögin sjái sér ekki fært að halda betur utanum sína félagaskrá. Spyr hvort að Sportabler sé nægilega góður gagnagrunnur til að halda utan um félagafjölda og iðkendafjölda.
- Oddný tekur til máls. Nefnir að Sportabler ætti að geta haldið utan um félgatal og iðkendatal. Iðkendur vs félagatal. Á síðasta formannafundi var farið yfir félagatölu UMSB vs HSK þar sást að við vorum með töluvert færri féлага skráða. Hún er t.d. skráður félagi hjá Íslendingi.
- Sonja tekur til máls: þakkar Oddnýju fyrir að opna á þetta samtal um félagatal. Þetta er stór umræða sem þarf virkilega að fara stokka upp í. Mál sem leysist ekki hér en þarf að vinna að áfram. Fór yfir það hvað stendur á bak við skráningarnar. Mismunandi hvernig skráning er á milli iðkenda og féлага.
- Garðar Svavarsson ÍSÍ: Þegar foreldri fer inná að það var hugsjón upphaflega að Sportabler skyldi halda utanum félagatalið en svo er ekki raunin. UMFÍ greiðir út eftir félgatölu en ÍSÍ eftir íbúum.
- ÍSÍ almennt um umræðu um félgsmenn vs iðkendur. Grunnforsenda að geta verið í forsvari fyrir félag er að vera félagsmaður. Kominn upp er sá tími að halda námskeið um hvernig þarf að halda úti rekstri féлага.
- Aðalheiður fyrir hönd ungmannafélags Íslendinga vildi bara minna á að ungmennafélög eru ekki bara íþróttafélög.

## 9. Ávörp gesta

Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri flytur ávarp:

Vill fyrst og fremst tala um sjálfboðastarfið svo aðstöðuna og stöðuna á uppbyggingu íþróttamannvirkja á svæðinu.

Hann talar um að aðstöðumál til íþróttaiðkunar séu eitt af stóru málunum í Borgarfirði. Þetta vegur stóran þátt í ákvörðunum um búsetu og fleira.

Miklar fjárfestingar næstu fjögur árin. Árið 2025 verður mesti þunginn á fjölnota íþróttahúsi, og kom út að hagstæðasti kosturinn er að það komi niður á uppfyllingunni sem er nú þegar til staðar við íþróttahúsið í Borgarnesi. Síðan er áætlað að framkvæmdalok á nýju íþróttahúsi verði árið 2027.

Hann þakkar öllum sjálfboðaliðum sem koma að hverju barni. Þakkar fyrir boðið á sambandsþing.

Garðar Svansson frá ÍSÍ heldur ávarp: Flytur kveðju frá Lárusi Blöndal, Andra Stefánssyni og starfsfólki ÍSÍ. Framundan er íþróttahring ÍSÍ í maí. Það fer fram í maí. UMSB hefur þar tvo fulltrúa.

Hann nefnir einnig sjálfboðaliðastarfið, ÍSÍ veitti viðurkenningu fyrir eldhuga (sjálfboðaliða) ársins, fengu 230 tilnefningar.

Fjallar um að það séu starfshópar að störfum til að fjalla um lottóútdelingar og félagatöl þannig þetta eru umræður sem eru þarfar og skipulag íþróttamála varðandi samstarf og sameiningu á Vesturlandi. Hvernig getum við t.d. samnýtt íþróttamannvirki á Vesturlandi. Nefnd í skipulagsmálum íþróttahéraða og það er umræða um að héraðssambönd sameinist í skipulagsmálum og útdelingu Lottó. Samstaf sambandanna, UMFÍ og ÍSÍ eru nú í sama húsnæði og samstarfið er að batna og mun bara aukast.

Hallbera Eiríksdóttir frá UMFÍ heldur ávarp Flytur kveðjur frá Jóhann Steinari og stjórninni allri. Þau hafa verið að vinna að innleiðingu stefnu sem var samþykkt á þingi á Húsavík. Talaði einnig um endurskipulagningu íþróttahéraða eins og fulltrúi ÍSÍ. Vilja stuðla að bættu samstarfi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Talaði um breytingar síðasta árs. Margt eftir og er enn að breytast. Talaði um nýja þjónustumiðstöð. UMFÍ – ÍSÍ og ýmissa sérsambanda í sama húsi. Vonir standa til að þetta efli enn frekar og styrki samstarf og stuðning við starfið út í héraðssamböndin. Sagði frá að ungmenna- og skólábúðir á Reykjum og Laugarvatni séu stærstu verkefni UMFÍ. Nefndi einnig verkefni eins og Drulluhlaupið og Forsetahlaupið sem var haldið sl. ár og verður aftur í ár. Síðan Hvatti hún alla til áframhaldandi mætingar á viðburði á vegum UMFÍ. Þá afhenti hún viðurkenningar. Þau sem fengu voru:

**Kristín (á Lundi) hlaut gullmerki UMFÍ**

**Þorvaldur Jónsson í Brekkukoti hlaut gullmerki UMFÍ**

**Guðmundur Finnsson á Varmalandi hlaut starfsmerki UMFÍ**

Þakkaði að lokum fyrir og hvatti alla til að kíkja í heimsókn á Engjavegin.

## **10. Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t. fjárhagsáætlun og árgjald félaga**

Tillögum sem borist hafa fundinum deilt niður á viðeigandi nefndir.

## **11. Breytingar á úthlutnarreglum Lottótekna til frambúðar.**

Sigríður Bjarnadóttir kynnr niðurstöður nefndar sem stofnuð var á síðasta sambandsþingi UMSB. fór yfir tillögur að breytingum á úthlutunarreglum Lottó tekna til framtíðar.

Hún fór yfir hugmyndir hópsins og hvernig tillagan hefði verið send inn til UMSB eftir kynningu á formannafundi og viðbótum sem komu fram á þeim fundi. Einnig talað um hvort að aukaúthlutun þyrfti að fara eftir eldri úthlutunarreglum eða hvort að þingið gæti ákveðið hvernig það yrði gert.

Sjá viðhengi skjal frá lottónefnd.

Umræður um þessa kynningu í alsherjarnefnd.

## 12. Þinghlé – nefndir starfa

## 13. Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðsla

Sjá tillögur í viðhengi.

## 14. Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Samþykktir samhljóða

## 15. Kosning stjórnar

Páll Snævar Brynjarsson fer yfir störf uppstillinganefndar, en í henni sátu ásamt honum Ólafur Daði Birgisson og Telma Harðardóttir

Tillögur eru:

Sambandsstjóri til eins árs : Guðrún Hildur Þórðardóttir

Varasambandsstjóri til eins árs: Ólafur Daði Birgisson

Ritari til tveggja ára: Raket Dögg Sigurgeirsdóttir

Meðstjórnandi til tveggja ára: Elisabeth Ýr Mosbech Egilsdóttir

Varavarasambandsstjóri til eins árs: Thelma Harðardóttir

Vararitari til tveggja ára: Ástríður Guðmundsdóttir

Varamedstjórnandi til tveggja ára: Þórhildur María Kristinsdóttir

Samþykkt samhljóða

## 16. Kosning á íþróttþing ÍSÍ

Tillaga um Sambandsstjóra UMSB á þingið.

Samþykkt samhljóða

## 17. Önnur mál

**Hafsteinn Pálsson** fyrir hönd ÍSÍ óskar nýkjörnum sambandsstjóra til hamingju og hvetur hana til að kíkja í heimsókn á Engjavegin. Óskar UMSB velfarnaðar. Fjallaði um hversu mikil vinna væri í því að fara í sameiningu eða samvinnu. Einnig fjallaði hann um félagatal og hvernig beri að meta félagsmenn í félagi. Umræður sköpuðust um hvernig eigi að meta þetta útfrá umræðunni um skattgenga félaga – hvernig væri þá unnið með ólögráða börn og ungmenni. Að lokum þakkaði hann fyrir að fá að vera með á fundinum.

**Sigríður Bjarnadóttir** formaður Skallagríms fer yfir dreifingu iðkenda vs tímafjöldi í íþróttasal. Vildi hvetja sveitastjórn að halda tímalínu og óskar eftir því að knattús og parkethús verið byggt samhliða. Vill ekki þurfa að velja á milli.

**Jóhannes Ármannsson** - tók umræðuna upp þar sem Sigríður hætti. Ræddi um að t.d. hans drengur væri að sækja sínar æfingar á Akranesi. Þar sem hann sinnir æfingum fjórum sinnum í viku. Vildi segja frá þessu því að aðstaða og

stuðningur skila minna brotthvarfi úr íþróttunum. Talaði síðan um að árangur sem slíkur stuðningur skilar. Vakti máls á því að til þess að svo megi vera þurfi að fara í umræðu um hagræðingu í resktri sveitarfélaginu og þar þyrfti að skoða skólamál.

**Stefán Broddi sveitastjóri** svaraði síðan þessari umræðu um að standa við áætlun í uppbyggingu og í hagræðingu í sveitarfélaginu.

Einnig kom fram tillaga um að æfingatafla sé endurskoðuð um áramót til að jafna möguleika – og einnig skerðingar

**Flemming Jessen** - ræddi einnig aðstöðu eldri borgara starfsins og að líklega væri þetta eini hópur eldri borgara sem æfir snemma á sunnudagsmorgni.

**Bjarney** – tók til máls um að það væri verið að vinna stöðugt að því að nýta tíma sem falla niður og að það væri verið að reyna allt sem hægt væri til að koma til móts og nýta vel.

**Eva Margrét** – Tók til máls um – ræddi um að það væru virkilega góð sundmannvirki sem því miður væru ekki nýtt. Því að það vantar sundþjálfra. Það er mikið fengið með mannvirkjum en það þarf líka mannauð til að sinna öflugum starfi.

## 18. Þinggerð - þingslit

Fundastjóri þakkar fyrir sig og útskýrir fyrir þingheimi að þinggerðin verði kláruð af riturum og þingforseta. Þinggerðin verður síðan birt á heimasíðu UMSB á næstu dögum.

Sonja fráfarandi sambandsformaður og Guðrún Þórðardóttir nýkjörinn sambandsformaður slitu þinginu í sameiningu. Þar sem Sonja þakkaði fyrir vinnuna og Guðrún þakkaði traustið og að hún hlakkaði til að takast á við verkefnið.

Þingi slitið.